

Sveitarfélagið Hornafjörður
Skipulagsstjóri
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 29. nóvember 2017
UST201710-059/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Hornafjarðar - breyting - verslun- og þjónustusvæði á 11 stöðum

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 9. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögur að breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 á ellefu jörðum innan sveitarfélagsins.

Skipulagssvæðin

Ofangreind tillaga felur í sér breytingar á skipulagi á alls 11 jörðum í Sveitarfélaginu Hornafjörður, þar sem landbúnaðarlandi er breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu svo hægt sé að reisa þar gistirými. Jarðirnar eru Hvammur í Lóni, Þorgeirsstaðir í Lóni, Horn í Nesjum, Sauðanes í Nesjum, Hafnarnes- Höfn, Skjólshólar í Nesjum, Birkifell í Nesjum, Nýpugarðar á Mýrum, Flatey á Mýrum, Suðurhús í Suðursveit og Leiti í Suðursveit. Í greinagerð kemur fram að í landi Þorgeirsstaða, Horni og Flatey eru áætluð tjaldstæði, innan við 10 ha á hverjum stað og því tilkynningaskyldar framkvæmdir til sveitarfélagsins skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Náttúruminjaskrá

Eins og fram kemur í breytingartillögunni er Horn á svæði nr. 653 á náttúruminjaskrá, fjallendi utan Skarðsdals. Verndargildi svæðisins felst í fögru fjallendi með margvíslegum bergtegundum. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að hugað sé að verndargildi svæðisins og að breytt landnotkun og framkvæmdir hafi ekki neikvæð áhrif á ásýnd og landslag.


Skipulag við ár, sjó og vötn


Þar sem jarðirnar Horn, Hafnarnes liggja að sjó bendir Umhverfisstofnun á skipulagsreglugerð nr. 90/2013 en þar kemur eftirfarandi fram í gr. 5.3.2.14., Skipulag við vötn, ár og sjó. „Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m.“ Því skal gæta þess að byggingarreitir séu ekki nær sjó en 50 m.

Umhverfismat

Umhverfisstofnun hefur farið yfir umhverfismat er fylgir tillögunni og tekur undir það að áætlaðar uppbyggingar hafa aðallega áhrif á ásýnd og mögulega landslag svæðanna. Að mati Umhverfisstofnunar fer það mikið eftir deiliskipulagi og áætluðum framkvæmdum hvernig tekst til. Stofnunin minnir á mikilvægi þess að framkvæmdir verði felldar að umhverfinu eins og kostur er og að forðast verði allt óþarfa rask. Einnig er mikilvægt að vandað verði til allra framkvæmda og að notaður verði gróður viðkomandi svæða/íslenskur gróður við uppgræðslu og frágang svæðanna.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur